

Kæru aðstandendur (see English below)

Vegna lokunar skólans verður skólahald með óhefðbundnum hætti til 15. apríl og eiga þessar aðstæður ekki sinn líka í íslenskri menntasögu. Í því ljósi langar mig að minna á nokkur atriði sem skipta máli næstu vikurnar.

Mjög mikilvægt er að MH-ingurinn þinn fylgi skipulagi stundatöflunnar og stundi námið á þeim tímum. Kennarar eru til taks samkvæmt stundatöflu og kenna námsefni áfangans, en að þessu sinni í gegnum INNU, TEAMS og aðra samskiptamiðla sem eiga við. Afar mikilvægt er að fylgja námsáætlun en kennarar eru að skipuleggja breytt fyrirkomulag kennslu og munu miðla upplýsingum í gegnum INNU.

Hvetjið ungmennin til dáða, verið forvitin um námið og spyrjið spurninga til að veita aðhald. Aðstandendur hafa aðgang að INNU (sem eru yngri en 18 ára en nemendur 18 ára og eldri geta gefið foreldrum aðgang) og eiga að geta fylgst með því sem er að gerast í öllum áföngum.

Við gerum ráð fyrir að skólahald verði með þessum hætti til 15. apríl nema annað komi fram. Við hvetjum ykkur til að fylgjast vel með fréttum á heimasíðunni og breytist staðan munum við miðla nýjum upplýsingum strax til ykkur.

Skólinn er lokaður fyrir nemendur en hægt er að senda tölvupóst á starfsfólk stoðþjónustu, skrifstofu og aðra starfsmenn. Þjónusta þessa starfsfólks fer fram í gegnum tölvupóst en einnig er hægt að hafa samband við skrifstofuna í síma.

Í lokin er gott að minna á þær leiðbeiningar sem við eigum að fylgja varðandi hreinlæti, nálægð og samkomur. Nánari upplýsingar inn á www.covid.is og inn á www.mh.is

Bestu kveðjur og gangi ykkur sem allra best.

Steinn

Dear parents and guardians.

Due to the closure of the school, teaching will be unconventional until April 15th. With that in mind, I would like to remind you of some important matters relevant for the next few weeks.

It is really important that your MH-student follows the schedule of the timetable and pursues his/her studies at those times. Teachers are available according to timetable, however this time through INNA, TEAMS and other relevant communication media. It is very important to follow the curriculum. Teachers are organizing a changed teaching structure and will disseminate information through INNA.

Encourage your child to be devoted to their studies, ask questions about their studies in order to show interest in their daily activity and to be informed how they are holding up. Parents/guardians have access to INNA (for students younger than 18 years but students 18 years and older can give access to their parents / guardians) and should be able to monitor what is happening in all courses.

We expect teaching to continue this way until April 15th, unless otherwise stated. We encourage you to monitor news on www.mh.is and if the situation changes, we will immediately share new information with you.

The school will not be accessible for students during the gathering. However it is possible to send an e-mail to supporting services, the main office and other staff. The services of these staff are via email but you can also contact the office by phone.

Finally, I would like to remind you of the instructions we all are to follow regarding sanitation, proximity, and gatherings. More information at www.covid.is and at www.mh.is

Best regards and best of luck to you.

Steinn